

Fundargerð 46. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 27. ágúst kl. 13:15

Dagskrá:

1. Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2017
2. Byggðaaætlun 2018-2024. Framkvæmd og eftirfylgd
3. Byggðin við Bakkaflóa
4. Fundur með landshlutasamtökunum haustið 2018
5. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Björn Freyr Björnsson (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (VEL) mætti kl. 13:35, Eva Margrét Kristinsdóttir (VEL), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Sigurður Guðmundsson (FJR), Steinunn Valdís Óskarsdóttir (ANR), Þórarinn Sólmundarson (MRN), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Arnar Freyr Einarsson (ANR), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Karl Björnsson (sambandinu) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 45. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2017

Verkefnisstjóri fór yfir stöðu vinnu við greinargerðina, en drög að greinargerð var send í tölvupósti fyrir fundinn. Einnig fór verkefnisstjóri yfir helstu niðurstöður. Nokkur umræða varð um drögin. Einnig var nokkur umræða um samráðsvettvanga og hvernig hægt er að efla þá, en þessi mál eru til umfjöllunar hjá landshlutasamtökunum.

2. Byggðaaætlun 2018-2024. Framkvæmd og eftirfylgd

Stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 var samþykkt á Alþingi 11. júní sl. Í henni eru 54 aðgerðir, sem eru á ábyrgð ýmissa ráðuneyta. Formaður upplýsti að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur ákveðið að framlögum til a.m.k. fjögurra af 18 aðgerðum sem heyra undir ráðuneytið verði veitt í gegnum samkeppnissjóði. Þetta eru aðgerðirnar Sértek verkefni til sóknaráætlanasvæða (C.1), Fjarvinnslustöðvar (B.8), Verslun í strjálbýli (A.9) og Almenningsamgöngur um land allt (A.10). Unnið er að gerð úthlutunarreglna og skipan valnefndar. Drögum að úthlutunarreglum var dreift á fundinum og þær ræddar.

Formaður greindi frá því að upplýsingar um stöðu hvernar aðgerðar yrðu gerðar aðgengilegar á vefsíðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis nú í haust.

3. Byggðin við Bakkaflóa

Byggðin við Bakkaflóa á undir högg að sækja og hefur orðið þó nokkur fólksfækkun þar síðustu misseri. Starfshópur skipaður heimamönnum, þingmönnum svæðisins og fleirum skilaði tillögum í mars sl. til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir sem lagt var til að gripið yrði til. Í kjölfarið fól ríkisstjórnin samgöngu- og

sveitarstjórnarráðherra að skipa nefnd um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa. Formaður greindi frá því að nefndin hafi verið skipuð í júní og að meðal verkefni hennar væri að yfirfara tillögur starfshópsins og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um viðbrögð stjórnvalda. Þrír af fimm nefndarmönnum eru jafnframt fulltrúar í stýrihópnum. Starfshópurinn fer austur í lok mánaðar til að kynna sér stöðuna og sjónarmið heimamanna.

4. Fundir með landshlutasamtökunum haustið 2018

Formaður skýrði frá því að nú séu fundir með landshlutasamtökunum framundan og að fundirnir verði haldnir í Reykjavík að þessu sinni. Formaður lagði til að skipulagið verði með öðrum hætti en síðast, þ.e. að ekki verði allir fundir á tveimur dögum eins og síðast, frekar tveir fundir í hvert sinn. Fram kom að af hálfu landshlutasamtakanna sé best að fundirnir verði eftir miðjan október og mun verkefnisstjóri kanna tímasetningar. Samþykkt að skoða möguleika á fjarfundi, sem valkost.

5. Önnur mál

Héðinn Unnsteinsson skýrði frá því að hann er að fara í leyfi frá störfum í forsætisráðuneytinu og hættir þar með í stýrihópnum. Hann þakkaði fyrir samstarfið og hvatti hópinn til að sinna áfram hugmyndavinnu um beint lýðræði og valdeflingu landshlutana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55